

Staðlaráð Íslands

Ársskýrsla 2010



ÍSLENSKIR
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS STAÐLAR

Aðilar að Staðlaráði Íslands 2010

ADMON ehf.	Kerfisþróun Ísland
Arion banki hf.	Landmælingar Íslands
Arkitektafélag Íslands	Landsbanki Íslands
BM Vallá hf.	Landsnet
Brunamálastofnun	Landspítalinn-Háskólasjúkrahús
Byggingafræðingafélag Íslands	Landssamband fiskeldisstöðva
Dala Rafn ehf.	Landssamband íslenskra útvegsmanna
Efla hf.	Landssamband smábátaeigenda
Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda	Landsvirkjun
Félag raftækjaheildsala	Logar ehf.
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	Mannvit hf.
Fiskistofa	Marel hf.
Fjármálaráðuneyti	MATÍS
Forsætisráðuneyti	Meistarasamband byggingarmanna
Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar	Menntamálaráðuneyti
Framkvæmdasýsla ríkisins	Microsoft Ísland ehf.
Geislavarnir ríkisins	Neytendasamtökin
Hagar	Neytendastofa
Hagstofa Íslands	Norðurorka
Háskólinn í Reykjavík	Nýherji hf.
HS Orka	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
HS Veitur	Orkuveita Reykjavíkur
Húsasmiðjan	Póst- og fjarskiptastofnun
ICEPRO	QCI ehf.
Iðnaðarráðuneyti	Rafiðnaðarsamband Íslands
InExchange	Rafiðnaðarskólinn
Íbúðalánasjóður	RARIK
Íslandsbanki	Reiknistofnun Háskólans
Íslandsstofa	Ríkiskaup

Samband íslenskra sveitarfélaga
Samgönguráðuneyti
Samorka
Samtök atvinnulífsins
Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
Samtök fiskvinnslustöðva
Samtök fjármálafyrirtækja
Samtök iðnaðarins
Seðlabanki Íslands
Síminn
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Skipulags- og byggingasvið
Reykjavíkurborgar
Skipulagsstofnun
Skýrr hf.
Skýrslutæknifélag Íslands

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum
Teris hf
Tæknifræðingafélag Íslands
Umhverfissráðuneyti
Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar
Utanríkisráðuneyti
Vegagerðin
Verkfræðingafélag Íslands
Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar
Verkís
Vinnslustöðin hf.
Vinnueftirlit ríkisins
Þjóðskrá
Þorbjörn hf.

Stjórn Staðlaráðs Íslands 2010

Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður, Davíð Lúðvíksson, varaformaður,
Guðmundur Guðmundsson, Jón Sigurjónsson, Kristján G. Sveinsson, Margeir Gissurarson,
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Trausti H. Ólafsson, Þuríður Jónsdóttir

Efnisyfirlit:

INNGANGUR	5
<i>Starfsmannamál</i>	5
STARFIÐ INNANLANDS	6
<i>Útgáfa</i>	6
<i>Staðfesting staðla</i>	6
<i>Innra skipulag</i>	6
<i>Kynningar- og markaðsstarf</i>	6
<i>Sala staðla og annarra gagna</i>	7
EVROPUSTÖDLUN	8
<i>CEN</i>	8
<i>CENELEC</i>	8
<i>ETSI</i>	8
ALÞJÓÐLEG STÖDLUN	9
<i>ISO</i>	9
<i>IEC</i>	9
NORRÆNT SAMSTARF – INSTA OG NOREK	10
REKSTUR STAÐLARÁÐS	11
ÁRSREIKNINGUR	

Árið 2010 var Staðlaráði nokkuð gott, þrátt fyrir erfitt efnahagssumhverfi. Starfsemi þess og verkefni voru með svipuðu móti og áður, en umfang vinnu á sviðum fagstaðlaráðanna jókst nokkuð. Sölutekjur jukust og þátttaka í námskeiðum var meiri en nokkurn tíma áður. Rekstrarafkoma Staðlaráðs varð þó neikvæð. Heildartekjur urðu um 2,7 milljónum lægri en áætlun, og heildargjöld urðu um 2 milljónum yfir áætlun. Afkoma ársins 2010 varð því neikvæð um 4,7 milljónir króna, en gert hafði verið ráð fyrir 170 þúsund króna jákvæðri afkomu. Fjallað er nánar um fjármál síðar í skýrslunni.

Starfsmannamál

Tveir starfsmenn Staðlaráðs hættu störfum á árinu, þær Guðbjörg Björnsdóttir sem hafði starfað í 10 ár hjá Staðlaráði, lengst af sem verkefnisstjóri á upplýsingatækni sviði og ritari FUT, og Guðrún Pálína Haraldsdóttir sem hóf fyrst störf hjá Staðlaráði árið 2003 en starfaði frá 2006 sem bókari og gjaldkeri. Þeim Guðbjörgu og Guðrúnu Pálínu eru færðar þakkir fyrir störf þeirra í þágu Staðlaráðs. Nýir starfsmenn voru ráðnir í þeirra stað, Steinunn Björk Valdimarsdóttir og Sigríður Marta Gunnarsdóttir. Starfsmenn Staðlaráðs um liðin áramót voru því:

- Anna Þóra Bragadóttir, sölustjóri
- Arngrímur Blöndahl, verkefnisstjóri í byggingar- og gæðamálum, ritari BSTR
- Arnhildur Arnaldsdóttir, verkefnisstjóri
- Guðrún Rögnvaldardóttir, framkvæmdastjóri
- Hjörtur Hjartarson, kynningar- og markaðsstjóri
- Kristbjörg Richter, móttökuritari og skjalavörður
- Sigríður Marta Gunnarsdóttir, bókari
- Sigurður Sigurðarson, verkefnisstjóri í véltækni og raftækni, ritari RST
- Steinunn Björk Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri í upplýsingatækni, ritari FUT

Útgáfa

Í ársbyrjun kom út svonefndur *Staðalvísir. Handbók um ÍST 200 Raflagnir bygginga*. Bókin er ætluð hönnuðum, rafiðnaðarmönnum og nemendum í rafiðnaði á öllum skólastigum. Þar er að finna skýringar og dæmi sem auðvelda notkun staðalsins ÍST 200. Í desember komu síðan út á ensku, í einni bók, íslenskir þjóðarviðaukar við evrópska þolhönnunarstaðla, *Icelandic National Annexes to Eurocodes*. Þar er um að ræða samtals 53 nýja séríslenska staðla. Með útgáfu þessara tveggja rita er óhætt að segja að náðst hafi langþráðir og mikilvægir áfangar.

Gæðastjórnunarstaðallinn ÍST EN ISO 9004 *Stjórnun sem miðar að viðvarandi árangri fyrirtækis – Gæðastjórnunarnálgun* kom út í íslenskri þýðingu á árinu.

Fagstaðlaráð og fagstjórnir skila sérstökum skýrslum um starfsemi sína þar sem nánar er greint frá útgáfuverkefnum.

Staðfesting staðla

Staðfestingarnefnd starfar á vegum stjórnar og sér um að staðfesta staðla. Í nefndinni sátu Davíð Lúðvíksson, varaformaður Staðlaráðs, og Hreinn Jónasson frá Tæknifræðingafélagi Íslands. Á árinu voru staðfestir 1881 íslenskir staðlar og 1329 staðlar felldir úr gildi. 2564 frumvörp voru auglýst til umsagnar. Í lok ársins 2010 voru 22342 staðlar í gildi á Íslandi.

Innra skipulag

Unnið hefur verið að verkefnum í samræmi við stefnumótun Staðlaráðs fyrir árin 2009-2014, sem samþykkt var á aðalfundi 2009, og hefur náðst sá árangur sem stefnt var að í sumum þeirra en önnur hafa gengið hægar. Er þar bæði um að kenna tæknilegum örðugleikum (þá í sambandi við fyrirhugaða þjónustu í gegnum vef Staðlaráðs) og nokkru áhugaleysi meðal hagsmunaaðila. Sem dæmi um verkefni sem árangur hefur náðst í má nefna sameiginlega stefnumótun FUT og ICEPRO um rafræn viðskipti, ný námskeið, og aukna þjónustu við aðila Staðlaráðs, sem felst í því að þeir geta nú fengið öll frumvörp að evrópskum stöðlum til umsagnar sér að kostnaðarlausu á umsagnartímanum. Starfsmenn Staðlaráðs halda ótrauðir áfram að vinna að öðrum verkefnum, sem snúa bæði að ytri og innri starfsemi ráðsins.

Kynningar- og markaðsstarf

Staðlapósturinn – rafrænt fréttabréf Staðlaráðs var sendur út alls sextán sinnum á árinu, en fjöldi áskrifenda var um tvö þúsund. Tvö tölublöð Staðlamála, fréttabréfs Staðlaráðs, komu út á árinu. Að venju var leitast við að fá utanaðkomandi sérfræðinga til að skrifa greinar í fréttabréfið, eftir því sem tilefni gafst til. Nýútgefið efni var að venju kynnt markhópum sem og almennum áskrifendum að fréttabréfum Staðlaráðs, auk þess sem vakin var athygli á nýjum verkefnum á vegum Staðlaráðs og því sem áberandi var í staðlaheiminum hverju sinni.

Framkvæmdastjóri Staðlaráðs og ritari Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni héldu kynningu á starfsemi Staðlaráðs í samgönguráðuneytinu. Einnig kynnti framkvæmdastjóri starfsemi Staðlaráðs og tengsl staðla við tilskipanir ESB í Vinnueftirlitinu. Þá hélt framkvæmdastjóri

fyrirlestur um staðla í námskeiði um umhverfisstjórnun fyrirtækja við Háskóla Íslands og tók á móti kínverskri sendinefnd sem hafði áhuga á að kynnast starfsemi Staðlaráðs.

Ellefu almenn námskeið voru haldin á árinu og eitt sérnámskeið fyrir fyrirtæki, samtals tólf námskeið. Tvö námskeið voru haldin um ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlana, þrjú um innri gæðaúttektir og eitt um stjórnun upplýsingaöryggis. Tvö námskeið voru haldin um CE-merkingu véla. Ný námskeið voru haldin á árinu, annars vegar um hagnýtingu rafrænna reikninga og hins vegar um innleiðingu rafrænna reikninga, tvö af hvoru. Aldrei hafa fleiri námskeið verið haldin af Staðlaráði á einu ári. Fjöldi þátttakenda sló einnig fyrri met, en þátttakendur voru samtals 135.

Fagstaðlaráð og fagstjórnir skila sérstökum skýrslum um starfsemi sína þar sem nánar er greint frá kynningarverkefnum.

Sala staðla og annarra gagna

Af einstökum gögnum voru þessi söluhæst, miðað við fjölda eintaka:

- *Staðalvísir. Handbók um ÍST 200 Raflagnir bygginga*
- *ÍST 200 Raflagnir bygginga*
- *ÍST 30:2003 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir*
- *Handbókin ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki – Leiðsögn*
- *ÍST EN ISO 9001:2008*

Af einstökum staðlaflokkum voru mestar tekjur af ÍST EN stöðlum, síðan tekjur af þýddum og séríslenskum stöðlum og svo tekjur af endursölu staðla frá ISO. Þá koma tekjur af endursölu frá bresku staðlasamtökunum BSI og frá IEC.

Þátttaka í evrópsku staðlastarfi er veigamesti hlutinn af verkefnum Staðlaráðs. Með aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og aukaaðild að ETSI er Staðlaráð skuldbundið til að gera Evrópustaðla (EN) að íslenskum stöðlum og auglýsa frumvörp og nýja staðla samkvæmt reglum samtakanna. Auglýsingarnar eru birtar í Staðlatíðindum sem eru öllum aðgengileg á heimasíðu Staðlaráðs, www.stadlar.is. Vel á annað hundrað aðilar fá tilkynningu með tölvupósti þegar ný Staðlatíðindi koma út á vef Staðlaráðs.

CEN

Í lok árs 2010 voru 299 tækninefndir starfandi á vegum CEN. Undirnefndir voru 57 og vinnuhópar 1411. Heildarfjöldi staðla og annarra normskjala var 14134 í lok árs 2010. Staðlaráð er ekki í stakk búíð til að fylgjast með öllum verkefnum á vegum CEN. Á sviðum þar sem íslenskir faghópar eru starfandi er fylgst með verkefnum sem mest þykja snerta íslenska hagsmuni og virk þátttaka er fyrst og fremst á sviðum byggingariðnaðar og upplýsingatækni. Einnig er fylgst með störfum nokkurra nefnda CEN af einstökum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta. Með þessu er verið að halda uppi lágmarks hagsmunagæslu með sem minnstum tilkostnaði. Starfsmenn Staðlaráðs sóttu aðalfund og fundi í framkvæmdastjórn og tækniráði CEN til að gæta heildarhagsmuna Íslendinga. Á vegum Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni, FUT, voru einnig sóttir fundir hjá CEN.

CENELEC

Árið 2010 voru 73 tækninefndir starfandi á vegum CENELEC. Fjöldi gildra staðla og annarra normskjala frá CENELEC var í árslok 6357. Staðlaráð, í samvinnu við Rafstaðlaráð, gætir íslenskra hagsmuna á raftæknisviðinu. Aðilar innan Rafstaðlaráðs fylgjast sérstaklega með störfum u.þ.b. þrjátíu nefnda CENELEC og fá send til sín nefndagögn þeirra, en ekki hefur enn verið um virka þátttöku í tækninefndastarfi að ræða.

Framkvæmdastjóri Staðlaráðs gegndi embætti varaforseta CENELEC um fjögurra ára skeið (2007-2010), en varaforsetar eru þrír talsins. Varaforsetaembættinu fylgdi formennska í nokkrum nefndum á vegum CENELEC. Starfsmenn Staðlaráðs sóttu tvo fundi hjá tækniráði CENELEC, sem og aðalfund samtakanna, en auk þess sótti framkvæmdastjóri stjórnarfundu og stýrði fundum tveggja vinnuhópa CENELEC og einnar sameiginlegrar nefndar CEN, CENELEC og ETSI.

ETSI

Staðlafrumvörp frá evrópsku fjarskiptasamtökunum, ETSI, eru auglýst til umsagnar jafnóðum og þau berast og Evrópustaðlar frá ETSI eru staðfestir sem íslenskir staðlar. Að öðru leyti tekur Staðlaráð ekki þátt í störfum samtakanna. Í árslok 2010 voru 2845 staðlar frá ETSI í gildi sem íslenskir staðlar.

ISO

Aðild Staðlaráðs að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO felur ekki í sér skuldbindingu um að ISO-staðlar séu gerðir að íslenskum stöðlum. Af þeim sökum og vegna takmarkaðra starfskrafta og fjárráða tekur Staðlaráð lítinn þátt í tækninefndum ISO. Framkvæmdastjóri sækir jafnan aðalfund samtakanna.

Aðildarlönd að ISO voru í árslok 2010 163 talsins. Á vegum samtakanna starfa 3274 tækninefndir, undirnefndir og vinnuhópar. Fjöldi ISO-staðla og normskjala er 18536, þar af voru 1313 gefin út árið 2010. Í árslok var unnið að 3880 verkefnum í tækninefndum ISO.

IEC

Staðlaráð Íslands er aukaaðili að Alþjóða raftækniráðinu IEC og sóttu framkvæmdastjóri og ritari Rafstaðlaráðs aðalfund þess. Aukaaðilum er heimil takmörkuð þátttaka í störfum tækninefnda samtakanna og er Staðlaráð skráð sem þátttakandi í einni nefnd. Samkvæmt sérstöku samkomulagi IEC og CENELEC eru mjög margir IEC-staðlar gefnir út samtímis sem Evrópustaðlar og eru því gerðir að íslenskum stöðlum.

Aðildarlönd að IEC voru samtals 81 þann 10. maí 2011. Að auki eru um 80 þróunarlönd nokkurs konar áheyrnaraðilar. Á vegum IEC starfa 175 tækninefndir og undirnefndir auk mikils fjölda vinnuhópa. Heildarfjöldi útgefinna IEC-staðla og annarra normskjala var 6271 í árslok, þar af voru 523 gefin út á árinu.

Staðlastofnanir Norðurlandanna hafa með sér töluvert samstarf, sem er þó að mestu leyti óformlegt og felst aðallega í gagnkvæmri upplýsingagjöf og samræmingu afstöðu til ýmissa mála innan evrópsku og alþjóðlegu staðlasamtakanna, eftir því sem tilefni er til. Íslendingar hafa notið góðs af þessu. Samstarf norrænu rafstaðlastofnananna kallast NOREK en almennu staðlastofnananna INSTA.

Framkvæmdastjórar og stjórnarformenn almennu staðlastofnananna funda annað hvert ár og frá 2003 hefur Eystrasaltsríkjunum einnig verið boðið til fundanna. Þess á milli hittast framkvæmdastjórar staðlastofnananna á óformlegri fundum eftir þörfum.

NOREK-fundir eru venjulega haldnir árlega en þátttaka ritara RST í þeim er kostuð af Rafstaðlaráði. Fyrirhugaður fundur í Kaupmannahöfn í apríl féll niður vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Rekstur Staðlaráðs gekk þokkalega miðað við aðstæður á árinu 2010. Tap varð af rekstrinum upp á um 4,7 milljónir króna. Sölutekjur jukust um rúmlega 10% milli ára og tekjur af nám-skeiðahaldi nær þrefölduðust. Tekjur af tryggingagjaldi lækkuðu hins vegar um tæplega 9,4 milljónir. Í heild jukust tekjur Staðlaráðs um 1,2% milli ára.

Kostnaður við húsnæði og skrifstofukostnaður lækkaði um 1% milli ára. Verkefnakostnaður hækkaði hins vegar um tæp 15%. Launakostnaður hækkaði um 1,5%. Í heild jókst kostnaður um 6,7% milli ára.

Á síðasta aðalfundi var gerð grein fyrir nýrri samþykkt stjórnar um 5 milljóna króna auka-fjárveitingu úr varasjóði Staðlaráðs til stöðlunarstarfs á árinu. Undanfarin ár hefur varasjóð-urinn verið byggður upp og sett takmark um að hann næmi 15 milljónum króna sem tókst að ná. Stjórn Staðlaráðs taldi að í efnahagslegri niðursveiflu væri nauðsynlegt að styrkja frum-kvæði í staðlastarfi og hjálpa því þannig í gegnum öldudalinn. Þetta var einsskiptisaðgerð og ekki ætlað að setja fordæmi um hvernig varasjóðnum er ráðstafað þegar gripið er til hans. Óskað var eftir umsóknum til tiltekinna verkefna og áskilið að þeim fylgdu mótframlög þeirra sem afurðanna njóta. Þessu styrktímabili lýkur nú og hefur verið úthlutað 4,6 milljónum króna í 8 verkefni. Þau eru öll á forræði fagstaðlaráða, 4 hjá BSTR, 3 hjá FUT og 1 hjá RST. Það er von stjórnar Staðlaráðs að þessar styrkveitingar gefi af sér góðar afurðir sem nýtist fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum og skili Staðlaráði tekjum. Nú þegar búast má við að það versta sé yfirstaðið í íslensku efnahagslífi er kominn tími til að byggja varasjóðinn upp aftur. Stefnt er að því að það verði gert á þremur árum.

Á alþjóðavettvangi heldur stöðlunarstarf áfram að hasla völl á nýjum sviðum. Dæmi um slíkt er staðall um samfélagslega ábyrgð sem nýlega var samþykktur hjá ISO. Stjórn Staðlaráðs telur þann staðal eiga erindi við íslensk fyrirtæki og er að kanna áhuga félaga sinna á að nota hann og hvort ekki er ástæða til að þýða hann á íslensku. Ástæða er til að hvetja bæði þá sem aðild eiga að Staðlaráð og aðra til að velta fyrir sér, og hika ekki við að hugsa út fyrir rammann, hvar og hvernig frekara staðlastarf getur létt verkefni daganna. Opinn hugur leysir úr læðingi nýsköpun í staðlastarfi eins og annars staðar.

Guðrún S. Eyjólfsdóttir, formaður Staðlaráðs Íslands

